



Messa og aðalsafnaðarfundarboð

Messa í Reynivallakirkju sunnudaginn 5. mars **kl. 11 – athugið breyttan messutíma.**

Verið hjartanlega velkomin

Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur

Í kjölfarið boðar sóknarnefnd til aðalsafnaðarfundar Reynivallasóknar í **Ásgarði** um kl. 12, þar sem verður boðið upp á súpu og meðlæti í upphafi fundar.

Dagskrá fundarins:

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
6. Kosning eins aðalmanns í sóknarnefnd og eins varamanns til 4ra ára
7. Önnur mál

F.h. Sóknarnefndar Reynivallasóknar

Sigríður Klara Árnadóttir formaður, Unnur Sigfúsdóttir gjaldkeri og Karl Magnús Kristjánsson ritari.

Varamenn: Jóhanna Hreinsdóttir, Hulda Þorsteinsdóttir og Finnur Pétursson.

Kirkjukór Reynivallaprestakalls

Vekjum athygli á að enn er pláss í Kirkjukór Reynivallaprestakalls, sem er blandaður kór sóknanna á Kjalarnesi og í Kjós. Kórinn er opinn öllu söngelsku fólki óháð búsetu og trúfélagi.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að söngur hefur jákvæð áhrif á heilsu og heila.



Bætir skapið, minnkar stress, eflir sjálfstraust og stuðlar að góðum vináttusamböndum.

Guðmundur Ómar Óskarsson, nýráðinn organisti er stjórnandi kórsins.

Æft er annan hvern fimmtudag kl. 20,
til skiptis í Reynivallakirkju og Brautarholtskirkju.

Næsta æfing er fimmtudaginn 2. mars kl. 20 í Brautarholtskirkju,
þar næsta æfing er fimmtudaginn 16. mars kl. 20 í Reynivallakirkju o.s.frv.
Sjáumst !